

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Deiliskipulag fyrir Þinghól, Tálknafirði.

Heimastjórn Tálknafjarðar samþykkti á fundi sínum 3. apríl 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Þinghól á Tálknafirði. Deiliskipulagið nær yfir um 7,8 ha og felur í sér lóðir fyrir fristundabyggð, þar af eina með 5 smáhýsum, eina lóð fyrir þjónustu/hótel, leiksvæði, kirkjulóð og kirkjugarð. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 25. nóvember 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hvestuvirkjunar.

Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2025 breytingu deiliskipulagi Hvestuvirkjunar. Breytingin gengur út að afmörkuð er lóð í fjórum skikum að heildarstærð 6.870 m² sem fær nafnið Hvestuvirkjanir. Vegslóði á uppdrætti er uppfærður til núverandi horfs og safnskurðum hnikað til samkvæmt núverandi legu þeirra. Innan lóðarskikanna eru steinsteyptar stíflur með yfirfalli, botnrás, inntakspró auk stöðvarhúsa. Tillagan var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 21. mars 2025.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 10. apríl 2025.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. apríl 2025